



Reykjavíkurborg

skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 22. júní 2020

R20060016

120

Borgarráð

Starfshópur um undirbúning Græna plansins

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um undirbúning Græna plansins eru lögð fram til kynningar. Hlutverk starfshópsins er að hafa yfirumsjón með undirbúningi og útfærslu Græna plansins sem komi til samþykktar samhliða fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021, fimm og tíu ára áætlun í samstarfi við þær fjölmörgu starfseiningar borgarinnar, B-hluta fyrirtæki og aðra og jafnframt að leggja drög að því hvernig staðið verði að innleiðingu þess.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi starfshóps um undirbúning Græna plansins.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um undirbúning Græna plansins

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Á fundi borgarstjórnar þann 2. júní sl. var samþykkt að unnin verði langtímaáætlun um fjármál og fjárfestingu Reykjavíkurborgar, Græna planið, sem byggir á sjálfbærni og skýrri framtíðarsýn um kolefnishlutlaust borgarsamfélag í samræmi við loftslagsstefnu Reykjavíkurborgar. Áætlunin verði unnin samhliða undirbúningi fjárhagsáætlunar vegna ársins 2021 og fimm ára áætlunar. Í greinargerð tillögunnar segir að Græna planið sé áætlun um efnahagslega viðspyrnu og græna endurreisn sem dregur saman á einn stað meginlínur í fjármálum, fjárfestingum og grænum lykilverkefnum næstu ára. Það verði tímabundið og markvisst til að ná hámarksáhrifum á næstu fimm árum og langtímamarkmiðum til 2030.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að hafa yfirumsjón með undirbúningi og útfærslu Græna plansins sem komi til samþykktar samhliða fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021, fimm og tíu ára áætlun í samstarfi við þær fjölmörgu starfseiningar borgarinnar, B-hluta fyrirtæki og aðra og jafnframt að leggja drög að því hvernig staðið verði að innleiðingu þess. Hópurinn geri borgarráði reglulega grein fyrir störfum sínum.

Starfshópurinn skipa:

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri (formaður).

Þorsteinn Gunnarsson borgarritari

Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringasviðs.

Óskar Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Með hópnum starfi starfsmenn skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og fagsviða eftir því sem við á.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfisins hjá aðilum sem hafa sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Starfshópurinn er skipaður til loka kjörtímabils 2018-2022.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um Græna planið dags. 2. júní 2020.

BORGARSTJÓRN 2. júní 2020: Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um Græna planið - R20060016

BORGARSTJÓRN 2. júní 2020: Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um Græna planið - R20060016

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að unnin verði langtímaáætlun um fjármál og fjárfestingu Reykjavíkurborgar, Græna planið, sem byggi á sjálfbærni og skýrri framtíðarsýn um kolefnishlutlaust borgarsamfélag í samræmi við loftslagsstefnu Reykjavíkurborgar. Áætlunin verði unnin samhliða undirbúningi fjárhagsáætlunar vegna ársins 2021 og fimm ára áætlunar.

Greinargerð:

Borgarstjórn hefur sameinast um fyrstu viðbrögð við efnahagslegu áfalli eftir kórónaveiruna. Samdrátturinn í efnahagslífinu verður líklega sá mesti í sögunni. Endurreisn Íslands eftir heimsfaraldur kallar á mikla fjárfestingu og að störf séu búin til og tækifæri sköpuð fyrir fólk sem hefur tapað lífsviðurværinu. Reykjavík ætlar ekki að láta sitt eftir liggja og beita sér fyrir því að græna leiðin verði valin út úr kreppunni. Þróttmikið og fjölbreytt borgarhagkerfi er besta leiðin út úr samdrættinum en samstaða hefur náðst um að borgin beiti sér fyrir ríkulegri fjárfestingu í víðtækri samvinnu með það fyrir augum að byggja upp græna og trausta innviði. Næsta skref er gerð langtímaáætlunar, Græna planið.

Græna planið er áætlun um efnahagslega viðspyrnu og græna endurreisn sem dregur saman á einn stað meginlínur í fjármálum, fjárfestingum og grænum lykilverkefnum næstu ára.

Græna planið er áætlun sem byggir á framtíðarsýn um kolefnishlutlaust borgarsamfélag sem einkennist af sjálfbærni, góðri menntun, velferð og lífsgæðum allra. Með Græna planinu vill borgin styðja við þróun fjölbreytts og sjálfbærs atvinnulífs sem tryggir flestum störf við hæfi og greiði góð laun. Í því felst einnig að standa vörð um velferð og jöfn tækifæri borgarbúa.

Reykjavík ætlar að koma sterkari út úr efnahagskreppunni með öflugri fjárfestingu í grænum samgöngum, grænum hverfum, grænni nýsköpun og grænum störfum. Markvisst og metnaðarfullt framkvæmdaplan mun auka lífsgæði fólks í borginni og gera Reykjavík að enn áhugaverðari stað til að búa og starfa. Grænar áherslur og græn skref eiga einnig að vera einkennismerki í öllum rekstri borgarinnar.

Græna planið leggur áherslu á að skapa fjölda starfa við uppbyggingu, nýsköpun og skapandi verkefni. Ný hverfi verða byggð og græn svæði fegruð og tengd með grænu neti. Þá verði Borgarlínan, hjólandi og gangandi sett í algjöran forgang í samgöngumálum. Markmiðið með aðgerðunum er að ná öflugri viðspyrnu í fordæmalausum ástandi og vinna í senn að efnahagslegum markmiðum og vernda umhverfið. Samfélagið sýndi hvers það var megnugt til að takast á við veiruna í vetur, nú er komið að því að byggja upp og sækja fram – og ræsa hreyfla hagkerfisins til að bregðast við yfirvofandi fjöldaatvinnuleysi.

Reykjavík var lánsöm að pólitísk samstaða náðist um þrettán skýrar aðgerðir sem fyrstu viðbrögð við Kórónaveirunni. Starfsfólk og kjörnir fulltrúar stóðu þétt saman að neyðarstjórn og við að halda

hjólum borgarinnar og nauðsynlegri þjónustu gangandi gegnum þennan erfiða tíma í vetur. Nú er komið að næsta skrefi og það verður grænt.

Græna planið verður tímasett til að vinna gegn niðursveiflunni, sem hluti af fjármálaáætlun borgarinnar til skamms og lengri tíma. Það verður tímabundið og markvisst til að ná hámarksáhrifum á næstu fimm árum og langtímamarkmiðum til 2030.

Græna leiðin felst í að fjárfesta fyrir fólkið í borginni til að þar skapist fleiri tækifæri og betri framtíð. Það mun kosta borgarsjóð ný útgjöld en við trúum því að til lengri tíma munum við uppskera ríkulega ef vel tekst til enda staða Borgarsjóðs sterk til að mæta þessum nýju áskorunum.

Græna planið byggir á Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010–2030 þar sem kveðið er á um vernd grænna og opinna svæða, þéttingu byggðar, styrkingu almenningsgangna, vistvænar lausnir í úrgangsmálum og kröfur um vishæfar lausnir við nýbyggingar.

Planið byggir einnig á loftslagsstefnu og loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar sem er nú til endurskoðunar, Umhverfis og auðlindastefnu Reykjavíkurborgar og ramma um græna skuldabréfaútgáfu borgarinnar og Orkuveitunnar. Þá sækir planið hugmyndir og innblástur efnivið til leiðandi sérfræðinga samtímans, í Evrópu og Vestanhafs sem hafa mælt með því að græn uppbygging verði ofaná í viðbrögðum við afleiðingum kórónaveirunnar.

[Græna planið: loftslag, loftgæði, lífsgæði – lykilþættir](#)

- 1 Ný loftslagsáætlun - kolefnishlutlaus Reykjavík
- 2 Grænir samgönguinnviðir
 - 2.1 Samgöngusáttmálinn
 - 2.1.1 Borgarlína
 - 2.1.2 Hjólreiðanet höfuðborgarsvæðisins
 - 2.1.3 Stokkar
 - 2.2 Gönguborgin Reykjavík
 - 2.3 Hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar
 - 2.4 Örf læði
 - 2.5 Orkuskipti í samgöngum
 - 2.5.1 Styrkir til uppbyggingu hleðslustöðvar í hverfum
 - 2.5.2 Rafvæðing hafna
 - 2.5.3 Rafvæðing almenningssamgagna
 - 2.6 Samgöngumiðstöð Reykjavíkur
 - 2.7 Tilraunaverkefni með bátastrætó
- 3 Græn og fjölbreytt húsnæðisuppbygging
 - 3.1 Endurskoðun íbúasvæða í aðalskipulagi Reykjavíkur
 - 3.2 Endurskoðun húsnæðisáætlunar Reykjavíkurborgar
 - 3.3 Nýir þróunarásar
- 4 Græn borg - græn hverfi
 - 4.1 Græn svæði og Græna netið
 - 4.2 Gróðursæl borgarrými og lífbreytileiki
 - 4.3 Hverfaskipulag um sjálfbær hverfi
 - 4.4 Umhverfissvottað skipulag í Ártúnshöfða og Skerjafirði
 - 4.5 Græn fjármögnun innviða
 - 4.6 Borgargötur
 - 4.7 Náttúruvernd og vernd strandsvæða
 - 4.8 Átak í umhirðu og sumarvinna skólafólks
- 5 Græna heilsuborgin
 - 5.1 Aðgengi að grænum svæðum og leiksvæðum
 - 5.2 Merktar gönguleiðir, hlaupaleiðir og hjólaleiðir
 - 5.3 Öruggar og auðar göngu- og hjólaleiðir að sumri sem vetri
 - 5.4 Jöfn tækifæri til frístundaþáttöku barna og unglinga
 - 5.5 Heilsuefling eldri borgara
 - 5.6 Græn sundlaug í Fossvogsdal
- 6 Græn ferðaþjónusta
 - 6.1 Græn móttaka og þjónusta við skemmtiferðaskip
 - 6.2 Stýra staðsetningu gistingar í íbúðahverfum
 - 6.3 Átak gegn notkun nagladekkja
 - 6.4 Áætlun um grænar samgöngur og orkuskipti í ferðaþjónustu
 - 6.5 Áætlun um kolefnishlutleysi ferðaþjónustu

- 7 Grænar Skapandi greinar
 - 7.1 Fríríki frumkvöðla í Gufunesi
 - 7.1.1 Auglýsing á lausu húsnæði
 - 7.1.2 FF - samstarf uppbyggingaraðila
 - 7.1.3 Annar áfangi uppbyggingarinnar
 - 7.2 Græn og lifandi miðborg
 - 7.2.1 Endurnýjun á efri hæðum
 - 7.2.2 Gróður og göngugötur
 - 7.3 Grandi
 - 7.4 Þátttaka í Re-inventing cities - C40
- 8 Græn nýsköpun og þekkingargreinar
 - 8.1 Nýsköpunarstefna
 - 8.2 Sameiginleg markaðssetning þekkingarsvæða í Vatnsmýri
 - 8.3 Carbon re-cycling
 - 8.4 Jarðhitagarður á Hellisheiði
 - 8.5 Græn orka - græn nýsköpun
 - 8.6 Græn upplýsingatækni
 - 8.7 Græn þjónusta borgarinnar - rafvæðing og endurskipulagning þjónustu
- 9 Grænn rekstur - græn skref borgarinnar
 - 9.1 Allir starfsstaðir taki græn skref
 - 9.2 Samgöngustyrkir til starfsfólks
 - 9.3 Grænt skóla- og frístundastarf
 - 9.4 Hleðslustöðvar á völdum vinnustöðum
- 10 Aðgerðir gegn matarsóun og innleiðing matarstefnu
 - 10.1 Aukið aðgengi að hollum mat
 - 10.2 Bætt matarmenning
 - 10.3 Sjálfbærni og gæði
 - 10.4 Betri nýting matar
 - 10.5 Styttri og sýnilegri leið frá bónda til maga
- 11 Hringrásarhagkerfið
 - 11.1 Aðgerðaráætlun í úrgangsmálum
 - 11.1.1 Söfnun lífræns úrgangs frá heimilum
 - 11.1.2 Átak gegn einnota umbúðum
 - 11.1.3 Viðhald og viðgerðir
 - 11.1.4 Samnýting verkfæra og annarra hluta
 - 11.1.5 Öflug efnismiðlun heimila, fyrirtækja og byggingariðnaðar
 - 11.1.6 Endurnýting og efnismiðlun á skipulagssvæðum og byggingarstað
 - 11.2 Endurskoðun Sorpu
 - 11.2.1 Jarð- og gasgerðarstöð
 - 11.2.2 Hætta urðun
 - 11.2.3 Átak í flokkun og endurnýtingu fyrirtækjasorps
 - 11.2.4 Grænir hvatar, græn gjaldskrá

- 12 Evrópusamstarf um græna borg
 - 12.1 Climate Neutral and Smart Cities
 - 12.2 Samstarf um lofstlagsmál og verkefni
 - 12.3 Umsókn um Grænu borg Evrópu

- 13 20/30 Langtímasýn í fjármálum og fjárfestingu Reykjavíkurborgar
 - 13.1 Græn uppbyggingar og fjárfestingaráætlun til 2030
 - 13.2 Sjálfbær fjármál - áætlun framundan
 - 13.3 Loftslagsmat
 - 13.4 Grænt bókhald borgarinnar
 - 13.5 Umhverfisvísar
 - 13.6 Innleiðingaráætlun Græna plansins